

Reykjavík, 14. nóvember, 2008

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/91
komudagur 14.11.2008

Viðskiptanefnd Alþingis

Þagnarskylda

Á starfsmönnum og stjórnarmönnum fjármálafyrirtækja hvílir **þagnarskylda um hvaðeina sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og varða viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna þess**, sbr. 58. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Einu undantekningarnar á þessu ákvæði eru:

- a) skylt sé að veita upplýsingar skv. lögum, eða
- b) viðskiptamaður samþykkir miðlun trúnaðarupplýsinga, sbr. 60.gr. laganna

Starfsmönnum er með öllu óheimilt að gefa óviðkomandi upplýsingar um **viðskiptamenn** bankans, hverju nafni sem þær nefnast. **Með óviðkomandi er átt við alla þá aðila sem ekki hafa til þess lagaheimild eða sérstakt umboð frá viðskiptamanni, þ.m.t. opinbera aðila og Alþingi.**

Undantekningar lögum samkvæmt:

Þeir sem hafa lögum samkvæmt heimild til þess að fá uppgefnar upplýsingar um málefni viðskiptamanna bankans eru t.d. FME til þess að geta sinnt eftirlitsskyldu sinni, skattrannsóknarstjóri, sbr. lög nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, tollstjóri sbr. tollalög, lögreglan varðandi peningaþvætti. Einnig er að finna sértækar heimildir fyrir sýslumann vegna aðfarargerða og upplýsingar um þrotamann skv. lögum um gjaldþrotaskipti. Ofangreindir aðilar sem hafa heimild lögum samkvæmt til þess að krefjast upplýsinga eru sjálfir bundnir þagnarskyldu um það sem þeir verða vísari í sínum störfum. Liggi fyrir dómsúrskurður sem gerir bankanum skylt að aflétta þagnarskyldu er orðið við beiðnum á grundvelli slíkra úrskurða.

Lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

■58. gr. Þagnarskylda.

Stjórnarmenn fjármálafyrirtækis, framkvæmdastjórnar, endurskoðendur, starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu fyrirtækisins eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptamanna þess, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Sá sem veitir viðtöku upplýsingum af því tagi sem um getur í 1. mgr. er bundinn þagnarskyldu með sama hætti og þar greinir. Sá aðili sem veitir upplýsingar skal áminna viðtakanda um þagnarskylduna.

■60. gr. Samþykki viðskiptamanns til miðlunar trúnaðarupplýsinga.

Heimilt er að miðla til utanaðkomandi aðila þeim upplýsingum um viðskiptamenn sem um getur í 58. gr. að fengnu skriflegu samþykki þess er í hlut á. Í samþykki skal koma fram til hvaða upplýsinga það tekur, til hvaða aðila er heimilt að miðla upplýsingum á grundvelli þess og í hvaða tilgangi upplýsingunum er miðlað.

Virðingarfyllt


S. Elín Sigfúsdóttir
Bankastjóri


Ásmundur Stefánsson
Formaður bankaráðs